

Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands
Austurgötu 29b
220 Hafnarfjörður

Landvernd
Þórunnartúni 6
105 Reykjavík

Atvinnuveganefnd Alþingis
nefnasvid@althingi.is

20. febrúar 2015

Efni: Athugasemdir Náttúruverndarsamtaka Suðvesturlands og Landverndar við frumvarp til laga um heimild til að staðfesta fjárfestingarsamning við Thorsil ehf. um kísilmálmverksmiðju í Helguvík í Reykjanesbæ, þingskjal 628 — 420. mál.


Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands og Landvernd gera alvarlegar athugasemdir við ofangreint frumvarp í heild og lýsa miklum efasemdum um að áætluð kísilmálmverksmiðja Thorsil ehf. Helguvík hafi jákvæð samfélagsleg áhrif vegna mengunnar af útblæstri.

Rökstuðningur:

Skipulagsstofnun hefur nú til umfjöllunar umhverfismat vegna kísilmálmverksmiðu Thorsil í Helguvík og eru athugasemdir þær sem settar hafa verið fram um væntanlegan útblástur frá verksmiðjunni vægast sagt mjög alvarlegar.

Sérstaklega skal nefna mjög alvarlegar athugasemdir United Silicon, fyrirtækis sem þegar hefur hafið framkvæmdir við byggingu verksmiðu af sama meiði í Helguvík, við umhverfismat fyrir kísilmálmverksmiðu Thorsil ehf. Þó um sé að ræða keppinaut Thorsil á markaði eru þessar athugasemdir það vel rökstuddar á vísindalegum forsendum að þær verður að taka til greina.

Verkfræðingar og sérfræðiráðgjafi United Silicon frá Danmörku notuðu loftdreifingarforritið AIRMOD til að meta hvernig mengunarefni í útblæstri muni dreifast í andrúmsloftinu en þetta forrit hefur alþjóðlega viðurkenningu og er m.a. notað af Umhverfisstofnun Bandaríkjanna. Unnið var með veðurgögn yfir 5 ára tímabil frá Veðurstofu Íslands fyrir Helguvíkursvæðið og norðurhluta Reykjanesbæjar.



Myndin er úr mælingargögnum verkfræðinga og sérfræðiráðgjafa United Silicon og sýnir ársmeðalstyrk brennisteins í útblæstri (SO_2 í $\mu g/m^3$), þ.e. samlegðaráhrif allra ef fyrirhugað verksmiðja Thorsil bætist við. Hæsti styrkur SO_2 á svæðinu = $25.8 \mu g/m^3$, löggilt viðmiðunarmark $20 \mu g/m^3$.

Þegar fyrirhugaður útblástur Thorsil var settur inn í líkanið og samlegðaráhrifin við annan útblástur metin var niðurstaðan allt önnur en sú mynd sem sett er fram í frummatsskýrslu Thorsil. Í raun munu mengunarefni dreifast um 1.800 metrum lengra en haldið er fram í skýrslunni og ná til íbúahverfa í norðurhluta Reykjanesbæjar og þannig langt út fyrir það þynningarsvæði sem skilgreint hefur verið vegna fyrirhugaðs álvers Norðuráls, segir í athugasemdum United Silicon.

Benoný Harðarson, fyrrverandi forstjóri HES, hefur jafnframt lagt fram athugasemdir vegna umhverfismatsins. Í þeim kemur fram að gert sé ráð fyrir töluverðri mengun vegna brennisteinsdíoxíðs frá verksmiðju Thorsil og það sé alvarlegt mál fyrir íbúa og dýr í nágrenni verksmiðjusvæðisins sem staðsett sé í aðeins um eins kílómetra fjarlægð frá íbúabyggðinni. Benoný bendir á að nú þegar til standi að reisa þriðju stóriðjuverksmiðjuna í

Helguvík muni mengunarálag á svæðinu aukast enn frekar. Hann telur frummatsskýrslu Thorsil ótrúverðuga m.a. vegna þess að sammögnunaráhrif mengunar séu ekki reiknuð út fyrir allar þrjár verksmiðjurnar eins og beri að gera. Svara þurfi ákveðnum spurningum er varða dreifingu brennisteinsmengunar.

Komið hefur fram í umræðunni að Helguvík sé of nálægt byggð og henti engan veginn undir alla þá stóriðju sem þar er áætluð. Verksmiðja Thorsil verður þriðja stóriðjan inn á svæðið. Að anda að sér hreinu lofti eru dýrmæt lífsgæði sem alls ekki má fórna.

Skipulagsstofnun fékk Sigurð Magnús Garðarsson prófessor í umhverfis- og byggingarverkfræði við Háskóla Íslands til að leggja óháð mat á útreikninga á dreifingu mengunar í kjölfar alvarlegra athugasemda sem bárust Skipulagsstofnun um frummatsskýrslu um kísilver Thorsil í Helguvík sem Mannvit annaðist.

Niðurstaða hans er samkvæmt fréttum, að vakta þurfi magn brennisteins í andrúmslofti nærri íbúabyggð í Reykjanesbæ ef áform Thorsil um byggingu kísilmálmverksmiðju á svæðinu verða að veruleika. Óvissa sé í útreikningum og mun brennisteinsmengun líklega fara nálægt reglugerðarmörkum innan þynningarsvæðis.

Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands og Landvernd telja að mikil áhætta fylgi kísilmálmverksmiðju Thorsil ehf. í Helguvík vegna útblástursmengunnar sem geti ógnað loftgæðum og þar með byggð á svæðinu. Ófært sé að Alþingi greiði götur slíkrar starfsemi með ívildunum þeim sem kveðið er á um í frumvarpinu.

Lagt er til að fallið verði frá frumvarpi til laga um heimild til að staðfesta fjárfestingarsamning við Thorsil ehf. um kísilmálmverksmiðju í Helguvík í Reykjanesbæ, þingskjal 628 — 420. mál.

Virðingarfyllst,

Helena Mjöll Jóhannsdóttir,
kt. 200660-3319
formaður Náttúruverndarsamtaka Suðvesturlands

Guðmundur Ingi Guðbrandsson,
kt. 280377-5629,
framkvæmdastjóri Landverndar